

# *Ný sýn – Nýjar áherslur*

ÁHERSLUR HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA Í ÖLDRUNARMÁLUM



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐNEYTIÐ

Útgefandi: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2006  
Umsjón og umbrot: Athygli  
Prentun: Guðjón Ó  
Ljósmyndir á forsíðu og bls. 4-12: Ragnar Th Sigurðsson  
Upplag: 1000

ISBN 9979-872-55-1



## Áherslur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við uppbyggingu öldrunarþjónustu á næstu árum



Vel uppbyggð heilbrigðis- og félagsþjónusta er lykill að góðri öldrunarþjónustu. Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning í þjónustu við aldraða. Augu fólks hafa opnast fyrir því að aldraðir eru ekki afmarkaður hópur sjúkra einstaklinga sem eiga að vistast á sérstakri stofnun, heldur eru aldraðir fjölbreyttur hópur fólks sem býr við fjölbreyttar aðstæður og hefur ólíkar þarfir og væntingar. Eitt eiga þó aldraðir sameiginlegt, en það er að vilja viðhalda sjálfstæði sínu og reisn til æviloka. Sjálfstæð búseta er afar mikilvægur liður í þessu efni og síðast en ekki síst að aldraðir fái sem mestu ráðið um málefni sem varða þeirra eigin aðstæður og umhverfi.

Uppbygging og skipulag öldrunarþjónustu þarf að miða að því að styðja aldraða til að halda sjálfstæði og virðingu. Til þess er nauðsynlegt að efla þjónustu við aldraða sem gerir þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Möguleg úrræði eru margvísleg. Í fyrsta lagi legg ég áherslu á að stórefla heimahjúkrun og styðja heilsugæsluna til að sinna öldruðum í auknum mæli. Í öðru lagi legg ég áherslu á að fjölga til muna dagvistarrýmum og hvíldarinnlögnum sem er hvoru tveggja mikilvægur stuðningur við hina öldruðu sjálfa og aðstandendur þeirra. Í þriðja lagi legg ég áherslu á að byggja upp og efla öldrunarlækningar og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu fyrir aldraða um allt land. Góð þekking á þessu sviði inni á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum er mikilvæg viðbót við þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum jafnframt því að sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir með þessa þekkingu geta verið öldrunarstofnunum í sínu umdæmi sterkur bakhjarl og veitt þeim faglegan stuðning.

Þótt ég leggi mikla áherslu á að byggja upp þjónustu við aldraða í heimahúsum liggur einnig fyrir að fjölga þarf hjúkrunarrýmum á ákveðnum svæðum samhliða því að gera breytingar og endurbætur á stofnunum sem ekki standast kröfur samtímans. Því mun ég einnig leggja áherslu á uppbyggingu öldrunarrýma á næstu árum í samræmi við fyrirliggjandi þörf og sýn til framtíðar.

Sýn mín á málaflokkinn sem hér er kynnt tekur mið af þeirri umræðu sem fram hefur farið á vettvangi Landssambands eldri borgara og í samfélaginu.

Reykjavík í júní 2006,  
*Sív Friðleifsdóttir,*  
 heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra



## 1. Stjórnskipulag öldrunarþjónustu

### Lög um málefni aldraðra verða endurskoðuð

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun nú þegar hefja vinnu við heildarendurskoðun laga um málefni aldraðra. Markmið með endurskoðun laganna eru meðal annarra að skýra betur verkaskiptingu og ábyrgð þeirra sem sinna öldrunarþjónustu en einnig að breyta áherslum þannig að aukið vægi verði á úrræði og þjónustu sem miðar að því að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra.

### Mögulegur flutningur öldrunarþjónustu til sveitarfélaga verður skoðaður

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun skoða hvort hægt verður að ná meiri árangri í öldrunarþjónustu með því að skýra betur verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Skoða þarf hvort flytja á málaflokkinn til

sveitarfélaga eða einhverja verkþætti sem nú er sinnt af sveitarfélögum til ríkisins. Hagkvæmni og hagsmunir aldraðra verði hafðir að leiðarljósi í þessu sambandi.

## 2. Þjónusta við aldraða í heimahúsum

### Heimahjúkrun verður aukin og eflid

Heimahjúkrun verður aukin og eflid þannig að unnt sé að veita heimahjúkrun um kvöld, helgar og nætur þegar þess gerist þörf. Miðað er við að á stærstu þéttbýlisstöðum landsins verði komið á fót skipulegri vaktþjónustu allan sólarhringinn en að á smærri stöðum verði brugðist við þörf eftir því sem hún skapast. Á starfssvæði Miðstöðvar heimahjúkrunar á höfðuborgarsvæðinu verða skoðaðir möguleikar á því að ráða aðstoðarfólk til heimahjúkrunar sem getur sinnt ákveðnum þáttum eins



og innliti og eftirliti undir daglegri umsjón hjúkrunarfræðinga. Með þessu móti er unnt að veita samfelldari og víðtækari þjónustu en nú er og um leið veita aukna viðveru þar sem hennar er þörf. Þá mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fela heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að byggja upp símaþjónustu við aldraða sem fá heimahjúkrun þannig að þeir nái alltaf til ákveðins starfsmanns þegar þess er þörf.

#### **Þjónusta heilsugæslunnar við aldraða verður eflid**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun fela heilsugæslunni að efla enn frekar öldrunarþjónustu út frá sínum starfsvettvangi, m.a. með aukinni áherslu á heilsueflandi heimsóknir og reglubundnum heimsóknum heimilislækna til aldraðra sem njóta heimahjúkrunar.

#### **Komið verður á fót sjúkrahústengdri heimaþjónustu**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun fela Landspítala-háskólasjúkrahúsi að koma á fót sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða. Annars vegar skal LSH veita heimahjúkrun um helgar þeim sem eru á fimm daga deildum sjúkrahússins. Hins vegar verður LSH falið að veita öldruðum sem útskrifast af sjúkrahúsinu heimahjúkrun í allt að tvær vikur eftir útskrift, ef þess gerist þörf.

#### **Dagvistarrýmum verður fjölgað**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra stefnir að því að eyða biðlistum fyrir dagvistarrými á næstu þremur árum. Til að svo megi verða þarf að fjölga rýmum á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er. Verið er meta þörf fyrir dagvistarrými annars staðar á landinu.



### Hvildarrýmum verður fjölgað

Heilbrigðis og tryggingamálaráðherra stefnir að því að fjölga hvildarrýmum um 20 á höfuðborgarsvæðinu innan tveggja ára. Verið er að skoða þörf fyrir fjölgun hvildarrýma annars staðar á landinu.

### Öldrunarlækningar og sérhæfð sjúkrahúspjónusta verður byggð upp í öllum landshlutum

Stefnt verður að því að koma á fót öldrunarlækningum og sérhæfðri sjúkrahúspjónustu við aldraða við tiltekin sjúkrahús eða heilbrigðisstofnanir í öllum landshlutum. Þessi þjónusta getur falið í sér greiningu, mat, endurhæfingu og ráðgjöf og einnig líknandi meðferð fyrir aldraða við lok lífs. Öldrunarlækningar af þessu tagi geta verið til mikils stuðnings fyrir aldraða í heimahúsum og munu einnig efla og styðja við starfsemi öldrunarstofnana á hverju svæði. Við uppbyggingu og skipulag

þessarar þjónustu við aldraða er eðlilegt að taka mið af starfsemi LSH á þessu sviði.

### Komið verður á fót geðdeild fyrir aldraða með geðsjúkdóma

Á öldrunarsviði LSH verður komið á fót geðdeild fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma. Hlutverk deildarinnar verður aðallega að sinna fólki með geðsjúkdóma sem ekki hefur heilabilun. Áhersla skal lögð á að deildin verði meðferðardeild sem miðar að útskrift sjúklinga að lokinni meðferð.

### Notkun mælitækisins RAI-Home-Care verður innleidd um allt land

Áfram verður unnið að því að innleiða RAI-Home-Care, þ.e. mælitæki sem notað er til að mæla umönnunarþörf aldraðra í heimahúsum. Markmiðið með innleiðingu



tækisins er að veita þeim sem sinna heimahjúkrun annars vegar og félagslegri heimaþjónustu hins vegar sam-eiginlega yfirsýn yfir þjónustupörf hvers og eins. Að auki gefur mælitækið vísbandingar um umfang, áherslur og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Þetta er mikilvægtur liður í því að samþætta heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu.

### Fjölbreyttari úrræði í húsnæðismálum aldraða

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun í samráði við félagsmálaráðherra hvetja sveitarfélög til að fjölga valkostum aldraða í húsnæðismálum með áherslu á búsetuúrræði sem mæta ólíkum þörfum fólks með tilliti til efnahagslegra- félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna.

## 3. Áherslur í stofnanþjónustu fyrir aldraða

### Vistunarmat verður endurskoðað ásamt forsendum fyrir vistun í hjúkrunarrými

Nú þegar verða gerðar breytingar á gildandi vistunarmatskerfi með það að markmiði að tryggja betur forgang þeirra að hjúkrunarrýmum sem eru í mestri þörf fyrir stofnanavist. Til að tryggja betur samræmi við gerð vistunarmats aldraða er stefnt að því að breyta fyrirkomulagi þannig að framkvæmd þess verði í höndum fárra faghópa sem sinni vistunarmati í einstökum landshlutum. Samhliða þessu verður eftirlit með vistunarmati aldraða og kennslu í notkun mælitækisins flutt til Landlæknisembættisins. Stefnt er að því að innan þriggja ára verði RAI-Home-Care mælitækið notað sem grunnur að vistunarmati aldraða.



### Tryggður verður aðgangur aldraðra á sjúkrahúsum að öldrunarstofnunum til jafns við aðra

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun fylgja því fast eftir að við vistun aldraðra í hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum séu þeir ávallt látnir ganga fyrir sem eru veikastir og í mestri þörf fyrir slíkt úrræði, hvort sem þeir dvelja í heimahúsum eða á sjúkrahúsi.

### Forsendum við útreikning daggjalda verður breytt

Gerðar verða breytingar á forsendum við útreikning daggjalda þannig að þau taki betur mið af vaxandi kostnaði við aukna hjúkrunarþörf samkvæmt RAI-mælingum og verði þannig stofnunum aukinn hvati til að taka inn veikustu einstaklingana.

### Hærra hlutfall fagmenntaðs starfsfólks á öldrunarstofnunum

Stuðlað verður að auknu hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks á öldrunarstofnunum. Í því skyni mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leita eftir samstarfi við menntamálaráðherra um að auðvelda ófaglærðu starfsfólki á öldrunarstofnunum að afla sér starfsmenntunar sem sjúkraliðar eða félagsliðar. Jafnframt mun ráðherra leita samstarfs við menntamálaráðherra um að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði.

### Gæða- og umbótastarf á öldrunarstofnunum verður eflt

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun í samvinnu við Landlæknisembættið hafa forgöngu um að veita öldrunarstofnunum aðstoð við skipulagningu innra starfs, markmiðssetningu og setningu gæðavið-





miða. Samhliða þessu verða sett viðmið fyrir tiltekna gæðavísa RAI-mælitækisins og öldrunarstofnanir upplýstar reglulega um frammistöðu sína byggða á þessum mælikvörðum.

#### **Stofnuð verður deild fyrir geðsjúka aldraða sem þarfnast langtímavistunar**

Sett verður á fót hjúkrunardeild fyrir geðsjúka aldraða í nýju hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut.

#### **Uppbygging sértækra úrræða fyrir aldraða með minnissjúkdóma**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun fara yfir þau úrræði sem minnissjúkum öldruðum standa til boða og vinna að úrbótum þar sem þeirra er þörf.

#### **Breyttar áherslur í stofnanapjónustu fyrir aldraða**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun nú þegar hefja undirbúning að því að innleiða nýja hugmyndafræði í stofnanapjónustu fyrir aldraða sem samræmist betur markmiðum laga um málefni aldraðra. Í stað stórra öldrunarstofnana eins og nú þekkjast verði byggðar minni og heimilislegri einingar sem hver um sig rúmar 6-10 litlar íbúðir fyrir einstaklinga og sambýl- isfólk. Þjónusta skal vera hin sama og á hjúkrunarheimilum í dag en áhersla lögð á sjálfstæði og sjálfræði hinna öldruðu og lögð sérstök rækt við að efla sjálfsbjargargetu hins aldraða.



## 4. Fjölgun hjúkrunarrýma og endurbætur á öldrunarstofnunum

Áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma á næstu árum Varðandi hjúkrunarrými þá er uppbygging hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu, á suðvesturhorni landsins, á Suðurlandi og á norðanverðum Vestfjörðum forgangsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Þegar hefur verið ákveðið að byggja hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut í Reykjavík þar sem verða 120 rými og annað 90 rýma heimili á Lýsislóðinni. Heimilið við Suðurlandsbraut verður tekið í notkun 2008.

Verið er að byggja upp hjúkrunarrými við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og jafnframt er fyrirhugað að byggja upp hjúkrunarrými í Mosfellsbæ, í Kópavogi, í Garðabæ, og í Hafnarfirði. Í Reykjanesbæ er fyrirhugað að reisa hjúkrunarheimili og á Ísafirði er jafnframt fyrir-

hugað að byggja nýtt hjúkrunarheimili. Þessi uppbygging kemur til viðbótar myndarlegri uppbyggingu á Akureyri og Eskifirði. Á Akureyri verða tekin í notkun 60 ný hjúkrunarrými á árinu og á Eskifirði verða tekin í notkun um 20 ný rými á árinu 2007, sem að hluta til koma í stað eldri rýma.

Við hönnun og uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila verður leitast við að byggja upp samkvæmt skipulagi sem fellur að nýrri hugmyndafræði.

### Ráðist verður í frekari endurbætur og breytingar á stofnanarýmum

Samhliða fjölgun hjúkrunarrýma verður áfram unnið að endurbótum á öldrunarstofnunum með það að markmiði að fjölga einbýlum og bæta aðstæður. Jafnframt verður þörf fyrir dvalarrými metin á hverjum stað og



unnið að því að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými þar sem þess er kostur.

## 5. Bætt upplýsingagjöf um málefni aldraðra og öldrunarþjónustu

**Komið verður á fót gagnagrunni með heildarupplýsingum um þjónustu við aldraða um allt land**

Komið verði á fót gagnagrunni þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um öldrunarþjónustu sem veitt er á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land. Undirbúningur að grunni sem þessum er þegar hafinn. Hann verður væntanlega settur upp innan landsupplýsingakerfis og getur orðið fyrsti vísir að vöruhúsi heilbrigðisupplýsinga.

**Stofnuð verður upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta fyrir aldraða og aðstandendur þeirra**

Mikilvægt er að aldraðir og aðstandendur þeirra eigi greiðan aðgang að upplýsingum um þá fjölbreyttu þjónustu sem stendur öldruðum til boða, hverjir veita þjónustuna og hvernig skuli sótt um ólíka þjónustubætti þegar um það er að ræða. Í þessu skyni hyggst heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra koma á fót upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir allt landið þar sem þessi þjónusta er veitt og er miðað við að hún verði aðgengileg í gegnum gjaldfrjálst símanúmer alla virka daga. Til undirbúnings verður stofnaður vinnuhópur til að skilgreina hlutverk upplýsinga- og ráðgjafarþjónustunnar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun skoða hvort Landssamband eldri borgara sé reiðubúið að sinna þjónustunni gegn því að laun starfsmanns verði greidd af ríkinu.

